



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 48. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILÍÐ 2018 – 2022 14. FUNDUR ÁRSINS

### VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 16. DESEMBER

### 2021 KL. 13.00 Í RÁÐHÚSINU Á FLÚÐUM

Árið 2021, þann 16. desember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 13:00 í Ráðhúsinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir eitt mál, beiðni um að falla frá forkaupsrétti vegna Grundar. Engar athugasemdir voru gerðar.

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

##### **1. Byggð á Bríkum: Kaupsamningur.**

Oddviti kynnti kaupsamning við Byggð á Bríkum ehf. vegna fasteignarinnar Sunnuhlíð spilda, lnr. 211195 en um er að ræða 25,4 ha byggingarland og kaupverð fasteignarinnar er kr. 130 milljónir. Jafnframt er lagt fram samkomulag milli Hrunamannahrepps og Byggða á Bríkum ehf um útfærslur á atriðum sem varða skipulagssvæðið í heild sinni. Sveitarstjórn samþykkir kaup á eigninni skv. framlögðum kaupsamningi og samkomulag við Byggð á Bríkum ehf og felur sveitarstjóra að undirrita öll nauðsynleg skjöl vegna kaupanna og fyrirbyggjandi samkomulag.

##### **2. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2021.**

Oddviti kynnti fjórða viðauka við fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2021. Gert er ráð fyrir að tekjur hækki um kr. 29,2 vegna söluhagnaðar á fasteign. Fjárfestingarkostnaður vegna eignasjóðs hækkar um 130. millj. vegna kaupa á landi Byggða á Bríkum. Gert er ráð fyrir endurgreiðslu á fjárfestingu 2021 í fráveitu frá ríkissjóði sem nemi kr. 16,9 millj.

Fjárfesting hækkar nettó um kr. 113 millj. rekstrarniðurstaða batnar um 29,2 millj. vegna reiknaðs söluhagnaðar, uppgreiðsla á láni er 12,4 millj. Útgjaldauki er nettó 96,3 millj. Söluverð eigna 33 millj., lántökur hækkaðar um 60 millj. og skammtímaskuld hækkuð um 50 millj. Hækkun á handbæru fé er um 17,5 millj. Skv. þessu er gert ráð fyrir að rekstrarhagnaður sveitarfélagsins verði eftir þessar breytingar kr. 34,4 millj. Sveitarstjórn samþykkir fjórða viðauka við fjárhagsáætlun 2021.

##### **3. Lánasjóður sveitarfélaga: Lántaka.**

Oddviti kynnti lánasamning við lánasjóð sveitarfélaga vegna lántöku frá Lánasjóði sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 60.000.000, með lokagjalddaga þann 5. apríl 2034, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér.

Sveitarstjórnin samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, verðbóta auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til fjármögnunar á kaupum á framtíðarbyggingarsvæði hjá sveitarfélaginu sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Jóni Valgeirssyni, sveitarstjóra, kt. 060568-4809 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hrunamannahrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirsmáli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

#### 4. **Drög að fjárhagsáætlun 2022-2025. (Seinni umræða).**

Lagt var fram minnisblað um breytingar á fjárhagsáætlun 2022-2025 milli 1. og 2. umræðu og viðauka sem hefur verið gert við fyrra minnisblað Sveitarstjóri fór yfir breytingar á áætlun ársins 2022 sem snerta lítillaga tekju- og gjaldaáætlun fjárhagsáætlunarinnar en þær leiða til þess að niðurstaða fjárhagsáætlunarinnar breytist milli umræðna. Aðal breytingin er sú að gert er ráð fyrir meiri tekjum úr Jöfnunarsjóði og að veitt verði meira fjármagni til íþróttasvæðis, deiliskipulagsvinnu, eignarsjóðs leikskólans auk þess að hækka fjárfestingu vegna húsnæðismála íþróttahúss/skóla. Þá er gert ráð fyrir lækkun á rekstrarkostnaði félagslegra íbúða, breytingar á afskriftum og að verðlagsspá vegna ársins 2022 hækki úr 2,7% í 3,3% í samræmi við nýjar spár.

Helstu niðurstöðutölur fyrir árið 2022 verða því þessar:

Rekstrarniðurstaða A hluta jákvæð um kr. 34.715.000.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta jákvæð um kr. 38.723.000.

Veltufé frá rekstri kr. 153.188.000.

Heildareignir A hluta kr. 1.679.671.000.

Heildareignir A og B hluta kr. 2.069.208.000.

Heildarskuldir og skuldbindingar A hluti kr. 891.522.000.

Heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta kr. 1.185.692.000.

Eigið fé A hluta kr. 788.149.000.

Eigið fé A og B hluta kr. 883.517.000.

Skuldahlutfall 87% af heildartekjum.

Gert er ráð fyrir nettófjárfestingum í eignasjóði að fjárhæð kr. 42,5 millj. í áætluninni, þar af kr. 5,5 millj. vegna æskulýðs- og íþróttamála og kr. 37 millj. í umferðar- og samgöngumál. Þá er gert ráð fyrir nettófjárfestingu í fráveitu að fjárhæð kr. 35,3 millj., í vatnsveitu kr. 70 millj., í hitaveitu kr. 63 millj. og í Hrunaljósi kr. 2. millj. Gert er ráð fyrir lántöku að fjárhæð kr. 120 millj. í áætluninni. Vísað er að öðru leyti til framlagðra gagna og samþykktu frá 45. fundi sveitarstjórnar þann 4 nóvember s.l. og framlagðs minnisblaðs og annarra gagna um breytingar á fjárhagsáætlun.

Sveitarstjóri fór einnig yfir fjárhagsáætlun 2023-2025 en þar hafa ekki orðið breytingar á áætluninni milli umræðna en farið var yfir helstu forsendur hennar á fundi sveitarstjórnar þann 4. nóvember og 9. desember s.l. Vísað er til framlagðra gagna en þar er m.a. gert ráð fyrir svipuðum rekstri og í fjárhagsáætlun 2022 en dregið úr fjárfestingum.

Sveitarstjórn samþykkir þær breytingar sem hafa verið gerðar milli umræðna og samþykkir fjárhagsáætlun 2022-2025 samhljóða.

#### 5. **Vegagerðin: Snjómosktur og hálfkuvarnir.**

Oddviti kynnti áætlun Vegagerðarinnar um snjómosktur og hálfkuvarnir í Hrunamannahreppi og þau góðu samskipti sem sveitarfélagið hefur verið í við Vegagerðina síðustu vikur. Í Hrunamannahreppi er stofnvegur nr. 30 eini stofnvegurinn í uppsveitunum sem ekki fær fimm daga vetrarþjónustu. Vegurinn er mikið ekinn og hafa vegaframkvæmdir frá Gýgjarhólskoti að Kjóstöðum haft þau jákvæðu áhrif að enn meiri umferð er á veginum. Vegurinn er á köflum krefjandi vegna brattrar vegaxla og mikillar hæðar yfir sjávarmáli, því geti skapast hættulegar aðstæður eins og hafa verið undanfarið vegna hálfku.

Skv. plani Vegagerðarinnar hefur Bræðratunguvegur nr. 359 ekki verið mokaður á þriðjudögum og laugardögum. Miðað við það fyrirkomulag er ómögulegt að þessir vegir náist að verða mokaðir áður en fólk fer til vinnu og snjór treðst sem leiðir til þess að það verður flughálka á þessum vegum þegar þær aðstæður skapast.

Ljóst er að vetrarþjónusta á tengivegum í sveitarfélaginu, Langholtsvegur nr. 341, Auðsholtsvegur nr. 340 og Hrunavegur nr. 344 er ófullnægjandi. Þar er gert ráð fyrir að mokað sé á mánudögum og föstudögum auk helmingamoksturs með sveitarfélaginu einu sinni á viku sem á að vera lokið fyrir kl. 10:00 á morgnana. Af hálfu Hrunamannahrepps er lögð áhersla á að vegir þessir verði mokaðir eftir þörfum, ekki bara þá daga sem skipulag Vegagerðarinnar gerir ráð fyrir. Alla jafna skapast ekki þörf fyrir slíkt oft en þrjá til fimm daga í viku, a.m.k. ef horft er til veðurlags síðustu ára. Þá er einnig mikilvægt að þessir vegir séu mokaðir það snemma að snjór troðist ekki og svell myndist, með tilheyrandi hálfku. Nauðsynlegt er að hálfkuverja (sanda) þegar mikil hálfka er og getur mokstur áður en snjór treðst komið í veg fyrir að ráðast þurfi í slík verkefni. Um framangreinda

vegi fara skólabörn alla virka daga og er nauðsynlegt að huga að öryggi þeirra, sem og annarra vegfarenda. Starfsfólk heimaþjónustu og heimahjúkrunar þarf að komast um til að sinna sinni þjónustu. Fjölmargir sækja vinnu milli sveitarfélaganna í Uppsveitum Árnassýslu og er nauðsynlegt fyrir þessi samfélög að vegir séu greiðfærir. Góð vetrarþjónusta kemur í veg fyrir að fólk missi úr vinnu, börn komist ekki í skóla og getur dregið úr kostnaði samfélagsins við tjón á ökutækjum og slys á vegfarendum. Góð vetrarþjónusta verður því að teljast hagkvæm og stuðla að sjálfbærni sveitarfélaga og svæða, í anda Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Sveitarstjórn óskar eftir því að stofnvegir fái fulla fimm daga þjónustu eins og aðrir í uppsveitum og tengivegir fái auknar heimildir til helmingamoksturs.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og oddvita að fylgja eftir ofangreindri bókun.

6. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 13. janúar nk. kl. 14:00 í Ráðhúsinu á Flúðum.

**Önnur mál:**

7. **Forkaupsréttur: Beiðni um niðurfellingu á forkaupsrétti vegna Grundar.**

Oddviti kynnti beiðni frá fasteignasölnunni Miðborg um að fallið sé frá forkaupsrétti skv. lóðaleigusamningi vegna sölu á Grund. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti skv. lóðaleigusamningi að fasteigninni Grund, fasteignanúmer 220-4003.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14:05.